
MINNISBLAÐ

Til: Utanríkismálanefndar.
Frá: Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.
Dags.: 20. febrúar 2008.
Efni: Athugasemdir varðandi frumvarp til varnarmálalaga.

Tillaga að nýju orðalagi 10. gr. frumvarps til varnarmálalaga:

10. gr.

Tímabundin ráðning.

Forstjóra Varnarmálastofnunar er heimilt, að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið, að ráða án auglýsingar ríkisstarfsmann tímabundið til starfa hjá Varnarmálastofnun, þó ekki lengur en til tveggja ára í senn. Áskilið er að vinnuveitandi viðkomandi samþykki slíka tilhögun. Með sömu skilyrðum má veita starfsmanni Varnarmálastofnunar tímabundið starf hjá utanríkisþjónustunni.

Starfsmaður sem ráðinn er skv. 1. mgr. skal eiga rétt á launalausis leyfi á meðan hann gegnir hinu tímabundu starfi. Slíkt leyfi skerðir ekki réttindi til greiðslu í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Starfstími í hinu tímabundna starfi telst hluti af starfstíma í föstu starfi viðkomandi.

Ákvæðið er gert almennara og tekið skýrar fram að heimildin nái til ríkisstarfsmanna almennt en einskorðist ekki við starfsmenn utanríkisþjónustunnar.

Taka ber fram að ákvæðinu er ætlað að auðvelda, til frambúðar, öflun sérhæfðrar þekkingar á sviði öryggis- og varnarmála frá aðilum sem ekki er tilbúin að yfirgefa aðalstarf sitt. Slík þekkingaröflun er viðvarandi verkefni en ekki tímabundið.

Varðandi þýðingu ákvæðis til bráðabirgða:

Þegar utanríkisráðuneytið tók yfir Ratsjárstofnun yfir í ágúst 2007 blasti við að tryggja þurfti a) áframhaldandi snurðulausan rekstur og b) þjálfun og undirbúning vegna loftrýmisgæslunnar sem samþykkt hafði verið af NATO. Þetta kallað á tafarlausu umbreytingu rekstrarins sl. haust og tilfærslu og endurþjálfun starfsfólks sem búið var að segja upp. Þetta ástand kom til þar sem engin heildstæð löggjöf var til um starfsemi Ratsjárstofnunar.

Ákvæði frumvarpsins til bráðabirgða byggir á hagkvæmnis- og mannauðsstjórnunarrökum. Með því er heimilað að ráða áfram, án auglýsingar, þá starfsmenn Ratsjárstofnunar sem enn verða á launaskrá þegar lögin eiga að taka gildi. Um er að ræða ca. 38 starfsmenn sem eftir eru í dag en þegar hafa 11 starfsmenn hætt. Starfsmennirnir hafa margir hverjir, líkt og fjallað er um í áfangaskýrslunni sem fylgir frumvarpinu, fengið tækifæri til að máta sig inn í ný störf sem nauðsynlegt var að manna haustið 2007 til að undirbúa loftrýmisgæsluna sem hefst núna í vor. Þannig hefur verðmætum tíma og fjármunum verið varið í að endurþjálfa starfsmennina og þeim um leið gefin von um nýtt starf hjá Varnarmálastofnun.

Ef farin yrði sú leið að auglýsa öll störf hjá Varnarmálastofnun er viðbúið að núverandi starfsemi myndi raskast og starfsöryggi yrði ekki lengur tryggt. Búast má við að það taki marga mánuði að endurþálfa nýja starfsmenn og að ekki yrði mögulegt að sinna loftrýmisgæslunni með þeim hætti sem stefnt hefur verið að. Þá er viðbúið að einhverjir starfsmanna myndu láta reyna á skaðabótamál fái þeir ekki störf hjá hinni nýju stofnun.

Hafa ber einnig í huga að ákvæði til bráðabirgða er heimildarákvæði þannig ef ekki þykja forsendur til þess að bjóða einhverjum núverandi starfsmanna starf þá er ekki skylt að gera slíkt.